

Fundargerð 14. fundar efnisorðaráðs

Haldinn í Borgarbókasafni 20.05.2005 kl. 14

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar borin undir atkvæði og samþykkt.
2. Farið var yfir þátttakendalista á námskeiði um lyklun 25. – 27. maí og leiðréttingar gerðar.
3. Fjármál vegna námskeiðsins voru rædd. Í ljós kom að bankinn hafði sent út reikninga vegna námskeiðsgjalda of seint þannig að reikningar bárust ekki söfnunum fyrr en 19. og 20. maí.
Fram kom að 7 aðilar að 17 voru búnir að borga. Samþykkt var að framlengja frestinn til að borga án þess að gjöld hækkðu til þriðjudags 24. maí vegna mistaka bankans.
4. Farið var yfir glærur fundarmanna, þær ræddar og leiðréttar. Samþykkt var að fundarmenn reyndu að senda fullgerðar glærur með tölvupósti til hver annarar til yfirlestrar, í síðasta lagi á sunnudagskvöld, svo tími gæfist til leiðréttinga.
5. Farið var yfir færsludæmi til að nota í umræðum á námskeiðinu. Ragna og Elísabet höfðu fundið færslur í Gegni, til að nota sem dæmi um lyklun og valið var úr þeim til að nota á námskeiðinu. Ragna ætlar að setja dæmin á glærur og reyna að finna dæmi þar sem heppilegra hefði verið að nota tvö efnisorð til að leita að með samsettri leit.
6. Ákveðið var að fundarmenn skiptu með sér fundarstjórn námskeiðsdagana. Ragna verður fundarstjóri 25., Þórdís 26. og Guðný 27. maí. 26. maí verður aðaldæma- og umræðudagurinn og Ragna ætlar að stjórna þeim hluta. Einnig var farið yfir önnur praktísk atriði varðandi dagskrá og kynningar. Þórdís ætlar að senda út endanlega dagskrá til Lois. Elísabet ætlar að tala við Önnu Torfadóttur um að ávarpa móttökugesti og kynna þá sem segja frá sýningunni.
Guðný ætlar að hringja í Skólabrú og seinka borðapöntun til 18.30 og staðfesta gestafjölda. Ákveðið var að nægilegt væri að fundurinn með Lois hæfist kl. 17. á þriðjudag en ekki 15.30 eins og ráðgert var.

Fundi slitið kl. 17.30

Guðný Ragnarsdóttir ritaði fundargerð